

Uppsetningar- og notkunarleiðbeiningar

Reyðskynjari

0869 00

GIRA

Efnisyfirlit

Vörueinkenni við fyrstu sýn	3
Öryggisleiðbeiningar	4
Rétt viðbrögð við eldsvoða	5
Festingarstaður	6
Dæmi fyrir rými sem eru ekki með hefðbundna lögun	8
Óhentugir festingarstaðir.....	9
Uppsetning og notkun	10
Virkniatriði.....	11
Virgni- og viðvörunarmerki	11
Rafhlöðuprófun - rafhlöðuskipti	12
Virkniprófun	13
Viðhald og umhirða	14
Tæknilegar upplýsingar	15
Ábyrgð	16

Vörueinkenni við fyrstu sýn

- Reykskynjari með dreifiljósatækni sem gengur fyrir rafhlöðu
- Sjálfvirkt sjálfpróf á virkni reykgreiningar
- Hávær, sláandi viðvörðunarljóð, u.þ.b. 85 dB(A)
- Rafhlöðuskiptimerki
- Óhreinkunar-/truflunarmerki
- Innbyggður prófunarhnappur fyrir virkniprófun
- Rafhlöðutækniathugun: ef það er ekki rafhlaða í reykskynjaraanum er ekki hægt að koma honum fyrir í sökklinum
- Umpólunarvörn: eyðilegging tækja af völdum vitlausrar rafhlöðutengingar er ekki möguleg
- VdS-vottun: viðurkennt og vottað af Bandalagi váttryggjenda (Verband der Sachversicherer VdS)

Öryggisleiðbeiningar

- Málið ekki yfir reyskynjarann með málningu.
- Reykskynjarinn getur aðeins greint reyk elds, ekki logana sjálfa.
- Reykskynjarar slökkva ekki eld. Þegar viðvörðun fer í gang, leitið eldsupptakanna og hringið jafnframt á slökkviliðið (sjáið einnig "Rétt viðbrögð við eldsvoða", Síða 5).
- Notið ekki endurhlaðanlegar rafhlöður eða netbúnað sem aflgjafa. Það getur valdið bilunum eða ótímabæri eyðileggingu tækisins.
- Reykskynjarinn myndar mjög hávært og skerandi hljóð sem getur skaðað heyrn. Haldið þess vegna 50 sm lágmarksfjarlægð við virkniprófun.
- Reykskynjarinn heldur aðeins vakt yfir ákveðið svæði umhverfis staðinn þar sem hann er festur. Setjið upp nægilega marga skynjara til þess að vakta allt húsnæðið og tryggja hámarksvernd.
- Möguleiki er á að aðilar sem eru undir áhrifum áfengis eða lyfja vakni ekki við boðtóninn.

Rétt viðbrögð við eldsvoða

Að vara við hættu

Tilkynnið slökkviliði strax. Haldið ró ykkar og svarið spurningum sem þið verðið spurð skilmerkilega:

Hvar er eldur? Hvað er það sem brennur? Hvað eru margir slasaðir?

Hver hringir?

Bíðið frekari spurninga frá tæknistöð slökkviliðsins.

Björgun

Komið ykkur sjálfum og manneskjum sem eru í hættu burt frá hættusvæðinu.

Haldið ykkur við jörð þegar mikill reykmyndun er og haldið blautu taustykki fyrir munn og nef.

Ekki nota lyftur.

Lokið dyrum og gluggum rýma sem eldur er í til þess að hindra framgang elds og reyks.


Ef engin undankomuleið er úr húsnæðinu, leitið öruggs rýmis, lokið hurðinni og gerið vart við ykkur í glugganum. Þéttið rifur við hurðina með blautu laki eða handklæðum til þess að varna að reykur berist í rýmið.

Slökkva

Reynið að slökkva elda sem eru á byrjunarstigi með slökkvitæki. Smáelda er oft hægt að kæfa með eldvarnarteppi. Ekki nota vatn á eld í djúpsteingarpott heldur breiðið yfir eldinn með loki.

Ef tilraun ykkar til þess að slökkva eldinn heppnast ekki strax, komið ykkur út úr rýminu þar sem eldurinn er.

Dæmi fyrir íbúð



Lágmarksvörn, einn reykskynjari á hvern gang, t.d. í stigagangi hverrar hæðar



Kjörvörn, einn reykskynjari í hverju svefnherbergi eða vistaveru


Ákjósanlegast er að koma fyrir reykskynjara í svefnherbergjum til þess að auka líkurnar á að íbúarnir vakni við reykviðvörn.

Reykskynjarinn býr yfir kjörgreiningareiginleikum þegar hann er festur við loftið í miðju rýmisins. Ef þetta er ekki mögulegt, hafið 50 sm lágmarksbil frá veggjum.

Einn reykskynjari getur vaktað rými sem er með að hámarki 60 m² grunnflöt og upp að 6 m hámarkslofthæð.

Staðsetjið reykskynjarann sem ætlað er að fara í eldhúsið langt frá eldunarsvæðinu til þess að forðast það að vatnsgufur valdi því að viðvörunarhljóð fari af stað.

Dæmi fyrir íbúðarhús




Lágmarksvörn, einn reykskynjari á hvern gang, t.d. í stigagangi hverrar hæðar




Kjörvörn, einn reykskynjari í hverju svefnherbergi, vistaveru og kjallaraherbergi ef það á við

Setjið upp að minnsta kosti einn reykskynjara á hverja hæð í marghæðabyggingum.

Dæmi fyrir rými sem eru ekki með hefðbundna lögun



Í L-löguðum herbergjum eða göngum ætti reykskynjarinn að vera staðsettur á mótum beggja hlutanna.



Í stórum L-laga rýmum verður að álíta hvorn hluta vera sjálfstætt rými.

Óhentugir festingarstaðir

Til þess að forðast innantómar viðvaranir, festið reykskynjarann:

- ekki í rýmum, þar sem undir venjulegum kringumstæðum, myndast miklar vatnsgufur, ryk eða reykur.
- ekki nálægt eldstæðum eða opnum örnum.
- ekki nálægt loftræstingarrásum þar sem loftstreymið getur í sumum tilvikum hindrað að reykurinn berist að skynjaranum.
- ekki nálægt fosfór- eða orkusparnaðarlömpum þar sem rafsvið sem myndast þegar kveikt er á lampanum getur ræst innantóma viðvörun (lágmarksfjarlægð: 50 sm).
- ekki í rýmum sem eru með hærri lofthæð en 6 m.
- ekki beint í þakoddinn. Hafið 30 sm lágmarksfjarlægð frá þakoddinum.
- ekki í rýmum þar sem hitastig er undir +5 °C t.d. eða meira en +45 °C.



Varist að festa reykskynjarann lóðrétt

Til þess að tryggja truflunarlausu starfsemi ætti helst að festa reykskynjarann lárétt. Lóðrétt festing (t.d. á vegg) getur leitt til bilunar.

Uppsetning og notkun

1. Festið sökkulinn í með festingarefninu sem fylgir með. Leggið þéttiplötuna $\neg$ sem fylgir með á milli sökkulsins og herbergisloftsins.
2. Tengjið 9 V rafhlöðu Ý við rafhlöðutengið og setjið rafhlöðuna í rafhlöðuhaldarann.
3. Setjið reykskynjarann ζ í sökkulinn og festið hann með því að snúa honum mjúklega réttsælis.

Varúð:

Ef það er enginn rafhlaða í er ekki hægt að festa reykskynjarann í sökkulinn.

4. Framkvæmið virkniprófun (Síða 13).

ζ Reykskynjari

$\dot{\iota}$ Sökkull


$\neg$ Þéttiplata

Đ Blindingur

f Skrúfa

Ý Rafhlaða (9 V)

ý Prófunarhappur



Virkniatriði

Reykskynjari greinir eld snemma vegna reykmyndunar hans. Hann virkar samkvæmt dreifiljósálögmálinu: Ljósseindin og móttakaranum er komið þannig fyrir í mæliholfinu að ljósmerki sendisins getur ekki hitt beint á móttakarann (ljósnemann). Ef reykur berst í reykholfið dreifist ljósmerkið vegna svifagnanna sem eru í reyknum. Dreifðu ljósgeislarnir hitta á ljósnemann og verður þar breytt í rafmerki sem kemur viðvörunarbúnaðinum af stað. Virkni reykgreiningarinnar er stöðugt prófuð. Mögulegir gallar verða gefnir í skyn með truflunarmerki (boðtónn og ljósdíóða).

Virkni- og viðvörunarmerki

Boðtónn	Ljósdíóða	Merking
Hávær millibilstónn	Blikkar	Staðbundin reykviðvörun
Stuttur boðtónn með 45 sek.-takti	Blikkar á eftir boðtón	Truflun/óhreinkun
Stuttur boðtónn með 45 sek.-takti	Blikkar samtímis og boðtónn hljómar	Rafhliðuskiptimerki
-	Blikkar með 45 sek.-takti	Sjálfvirkt sjálfspróf, hefðbundið notkunarástand
Hávær millibilstónn	Blikkar	Virkniþrófun, ræst með því að þrýsta á prófunarhnappinn

Rafhlöðuprófun - rafhlöðuskipti

Aflgjöf reykskynjarans er séð fyrir með 9 V rafhlöðu. Rafhlöðuprófunin athugar sjálfkrafa fæðispennuna með reglulegu millibili. Ef rafhlöðuspennan lækkar niður fyrir ákveðið mark mun reykskynjarinn gefa merki í 30 daga um að rafhlöðuskipti þurfa að fara fram. Á meðan á þessu stendur er reykskynjarinn fullvirkur.

Til þess að skipta um rafhlöðu, vinsamlegast fylgið eftirfarandi:

1. Takið reykskynjarann úr sökklinum (snúið rangsælis).
2. Takið gömlu rafhlöðuna úr festingunni og leysið tengið af rafhlöðutenginu.
3. Tengid nýju 9 V rafhlöðu við rafhlöðutengið og setjið rafhlöðuna í rafhlöðuhaldarann.
4. Setjið reykskynjarann aftur í sökkulinn og festið hann með því að snúa honum mjúklega réttsælis.



Ísetning rafhlöðu

Án rafhlöðu er ekki hægt að festa reykskynjarann í sökkulinn.

5. Framkvæmið virkniprófun (sjáið Síða 13).



Varúð

Reyðskynjarinn myndar mjög hávært og skerandi hljóð sem getur skaðað heyrn. Haldið þess vegna 50 sm lágmarksfjarlægð við virkniþrófun.

Framkvæmið virkniþrófun mánaðarlega. Fylgið eftirfarandi til þess:

1. Þrýstið á prófunarhnappinn (Síða 10):
Ef boðtónninn heyrir virkar reyðskynjarinn rétt.
Ef enginn boðtónn hljómar, skiptið vinsamlegast um rafhlöður.
2. Framkvæmið virkniþrófun að nýju þegar það hefur farið fram.
Ef ekkert viðvörðunarljóð heyrir ennþá er reyðskynjarinn gallaður og verður að vera skipt út.

Viðhald og umhirða

Til þess að tryggja áreiðanlega virkni reykskynjarans í lengri tíma ætti að framkvæma hirðingu u.þ.b. einu sinni á hálfársfresti (eða við truflunarviðvörðun): Fylgið eftirfarandi til þess:

1. Takið reykskynjarann úr sökklinum (snúið rangsælis) og fjarlægið rykið.
2. Þurrkið af reykskynjaranum með rakri tusku.
3. Setjið reykskynjarann aftur í sökkulinn og festið hann með því að snúa honum mjúklega réttsælis.



Ísetning rafhlöðu

Án rafhlöðu er ekki hægt að festa reykskynjarann í sökkulinn.

4. Athugið hvort að sjálfvirka sjálfprófið (reykskynjarinn blikkar á 45 sekúndna fresti) fari fram.
5. Framkvæmið virkniprófun (sjáið Síða 13).

Skiptið öllum reykskynjurum út eftir u.þ.b. 10 ár.

Tæknilegar upplýsingar

Málspenna:	9 VDC
Rekstrarspenna:	+6 VDC til +11 VDC
Straumupptaka í hvíld:	að hámarki 5 μ A (að jafnaði)
við viðvörðun:	u.þ.b. 6 mA (að meðaltali)
Rafhlaða:	rafhlaða, IEC 6 LR 61, 9 V
Merki um bilun rafhlöðu:	45 sek.-taktur, 30 dagar
Sjónrænt merki:	ljósdíóða, rautt
Hljóðrænt viðvörðunarmerki:	
Þrýstimerkissendir:	slitrótt
Hljóðstyrkur:	u.þ.b. 85 dB(A) við 3 m
Mælivídd hýsingar:	110 x 45 mm (Ø x H)
Gerviefni:	PC
Rekstrarhitastig:	+5 °C til +45 °C
Hitastig við geymslu:	-5 °C til +60 °C
Þyngd (án rafhlöðu):	u.þ.b. 120 g
Tegund varnar:	IP 42
VdS-vottun:	sjáið tegundarskilti á reykskynjaraanum

Ábyrgð

Við veitum ábyrgð samkvæmt lagalegum ákvæðum.

Vinsamlegast sendið tækið burðargjaldslaust með lýsingu á bilun til miðlægrar þjónustumiðstöðvar okkar.

Gira

Giersiepen GmbH & Co. KG

Service Center

Dahlienstraße 12

D-42477 Radevormwald

Gira

Giersiepen GmbH & Co. KG

Raflagnakerfi

Postfach 1220

D-42461 Radevormwald

Sími +49 (0) 2195 / 602 - 0

Fax +49 (0) 2195 / 602 - 339

www.gira.com

info@gira.de

GIRA